

14. gr.

Með brot á samþykkt þessari skal farið samkvæmt ákvæðum laga um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998.

15. gr.

Framangreind samþykkt sveitarstjórnar Húnaþings vestra staðfestist hér með samkvæmt 25. gr. laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum, til að öðlast gildi þegar við birtingu.

*Ákvæði til bráðabirgða.*

Eigendur húseigna í Húnaþingi vestra sem ekki eru tengdar holræsakerfi (rotþróm) við útgáfu samþykktar þessarar hafa frest til 31. desember 2005 til að uppfylla ákvæði samþykktarinnar.

*Umhverfissráðuneytinu, 8. nóvember 2004.*

F. h. r.

**Ingimar Sigurðsson**

---

*Sigurbjörg Sæmundsdóttir.*

## AUGLÝSING

### **um breytingu á aðalskipulagi Snæfellsbæjar 1995-2015, frístundabyggð við Músaslóð.**

Samkvæmt 19. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 10. nóvember 2004 staðfest breytingu á aðalskipulagi Snæfellsbæjar frá 8. júlí 1997.

Breytingin felst í því að landbúnaðarsvæði vestan Músaslóðar breytist í svæði fyrir frístundabyggð. Jafnframt er athafnasvæði og opið svæði til sérstakra nota flutt austur fyrir Músaslóð og minnkar íbúðarsvæði þar sem því nemur. Afmörkuð er stök frístundahúsalóð við Nónhól.

Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki bæjarstjórnar Snæfellsbæjar. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Breytingin öðlast þegar gildi.

*Umhverfissráðuneytinu, 10. nóvember 2004.*

**Sigríður Anna Þórðardóttir.**

---

*Ingibjörg Halldórsdóttir.*